

S A M Þ Y K K T I R
fyrir einkahlutafélagið
VESTUR-BOTN EHF.

1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR

1.1.

Félagið er einkahlutafélag. Nafn þess er Vestur-Botn ehf.

1.2.

Heimili félagsins er að Aðalstræti 75, Patreksfirði.

1.3.

Tilgangur félagsins er að starfa sem byggingarfélag um byggingu dvalarheimila aldraðra, íbúða fyrir aldraða og þjónustumiðstöðvar þeim tengdum á Patreksfirði. Tilgangur félagsins er jafnframt sá að eiga og reka þau dvalarheimili, íbúðir eða þjónustumiðstöðvar sem það byggir.

Tilgangur félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað til dvalarheimila aldraðra, íbúða fyrri aldraða eða þjónustumiðstöðva fyrir aldraða á Patreksfirði eða reksturs þeirra dvalarheimila, íbúða eða þjónustumiðstöðva sem félagið byggir.

Arður skal ekki greiddur út til eigenda, heldur skal hann lagður í sérstakan framkvæmdasjóð á vegum félagsins sem skal ráðstafað í samræmi við markmið félagsins.

2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS

2.1.

Hlutfé félagsins er kr. 500.000. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Hluthafa er heimilt að hækka eða lækka hlutfé félagsins.

2.2.

Hlutir skulu vera tölusettir í áframhaldandi númeraröð og hljóða á nafn. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

2.3.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og öðlast eigendaskipti að hlutum ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

2.4.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema um það sé samið sérstaklega.

2.5.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

3. ÁKVÖRÐUNARVALD Í MÁLEFNUM FÉLAGSINS.

3.1.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda. Ákvarðanir um hækkun og lækkun hlutfjár, skipun stjórnar, ákvarðanir samkvæmt gr. 3.2. í samþykktum þessum, ákvarðanir um breytingu samþykktu þessara og mikilvægar ákvarðanir skulu skráðar í gerðabók.

3.2.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

- a. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðenda/skoðunarmanna skal lagður fram til samþykktar.
- c. Kjósa skal stjórn félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmenn.
- d. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og framlög í varasjóð en öllum hagnaði má aðeins ráðstafa í þágu almenningsheilla í samræmi við tilgang félagsins.
- e. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda/skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- f. Önnur mál löglega upp borin.

4. STJÓRN FÉLAGSINS OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

4.1.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu þeir skipaðir af hluthafa, sbr. gr. 3.2. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins innan þeirra marka, sem hluthafi markar og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift tveggja stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar situr fundinn. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Stjórn félagsins skal halda gerðarbók þar sem skráðar eru allar ákvarðanir stjórnar og annað það sem gerist á stjórnarfundum. Sé ráðinn framkvæmdastjóri skal stjórnin taka þær ákvarðanir að höfðu samráði við framkvæmdastjóra.

4.2.

Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra ef þurfa þykir og samið um starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn félagsins. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

5. REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN

5.1.

Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

5.2.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund samkvæmt gr. 3.2. samþykktu þessara.

Þrátt fyrir að ákvæðinu væri breytt þá verður framkvæmdin óbreytt að því leyti að reikningar félagsins verða skoðaðir samhliða endurskoðun sveitarfélagsins Vesturbyggð en ekki gerð krafa um endurskoðun.

6. ÖNNUR ÁKVÆÐI

6.1.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með skriflegri tilkynningu til hvers hluthafa. Heimilt er að boða hluthafafundi með tölvupósti en þá skal óskað eftir að viðtökustaðfesting sé send

til baka til stjórnarinnar. Hluthafafundi þarf ekki að halda á heimili félagsins. Aðalfund og aukafund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara en ef allir hluthafar mæta á aukafund og bókað er samþykki þeirra þar um skal fundur skoðast lögmætur þótt til hans hafi verið boðað með skemmri fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

6.2.

Samþykktum þessum mál hluthafi breyta með ákvörðun í gerðabók á meðan hlutir eru allir í hans eigu. Komist hlutir í eigu fleiri en eins aðila má samþykkja breytingar á samþykktum þessum á lögmætum hluthafafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða svo og hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í landslögum.

Ákvæðum 1.3. gr., d-liðar 3.2. gr., 4. másl. 6.3. gr. og 6.4. gr. má ekki breyta.

6.3.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Við slit má eignum einungis ráðstafað til byggingar dvalarheimila aldraðra, íbúða fyrir aldraða eða þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða á Patreksfirði eða reksturs þeirra dvalarheimila, íbúða eða þjónustumiðstöðvar sem það byggir.

6.4.

Sameining við önnur félög er útilokuð, nema tilgangur hinna sameinuðu félaga falli fullkomlega saman eða rúmist að fullu innan þess ramma sem markaður er af ákvæði 1.3. gr. samþykktu þessara og ákvæði 5. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

6.5.

Þar sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög.

Þannig samþykkt á Patreksfirði hinn 5. september 2023

Undirritar stjórn félagsins,